

**178. fundur Skipulags- og umhverfisráðs, haldinn í fjarfundi,
26. október 2020 og hófst hann kl. 08:15.**

Fundinn sátu:

Ragnar B. Sæmundsson formaður, Ólafur Adolfsson varaformaður, Guðríður Sigurjónsdóttir aðalmaður, Sigurður Páll Harðarson sviðsstjóri skipulags- og umhverfissviðs, Stefán Þór Steindórsson byggingarfulltrúi og Hafdís Sigurþórsdóttir fulltrúi.

Fundargerð ritaði: Hafdís Sigurþórsdóttir, fulltrúi.

Fundurinn haldinn í gegnum fjarfundarbúnaðinn Teams.

Fyrir tekið:

1. 1906126 - Jaðarsbraut 9, Nýjar svalir - umsókn um byggingarleyfi

Umsóknin var grenndarkynnt skv. 1. mgr. 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, frá 22. september til og með 22. október 2020. Engar athugasemdir bárust.

Skipulags- og umhverfisráð leggur til við bæjarstjórn, að heimila stækkun svala á Jaðarsbraut 9, skv. grenndarkynningu.

2. 2007110 - Jaðarsbraut 33 - umsókn um byggingarleyfi

Umsóknin var grenndarkynnt skv. 1. mgr. 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, frá 22. september til og með 22. október 2020. Engar athugasemdir bárust.

Skipulags- og umhverfisráð leggur til við bæjarstjórn, að heimila stækkun og breytingu á svöllum á Jaðarsbraut 33, skv. grenndarkynningu.

3. 2004169 - Aðalskipulag - stækkun Skógarhverfis.

Lagðar fram athugasemdir sem bárust við skipulagið. Skipulags- og umhverfisráð felur sviðsstjóra að koma með drög að svörum við athugasemdunum.

4. 2005360 - Deiliskipulag Skógarhverfis áfangi 3 A

Lagðar fram athugasemdir sem bárust við skipulagið. Skipulags- og umhverfisráð felur sviðsstjóra að koma með drög að svörum við athugasemdunum.

5. 1906111 - Deiliskipulag Garðalundar og Lækjarbotna - endurskoðun

Lagðar fram athugasemdir sem bárust við skipulagið. Skipulags- og umhverfisráð felur sviðsstjóra að koma með drög að svörum við athugasemdunum.

6. 1912036 - Málefni Sorpurðunar Vesturlands

Drög að aðgerðaráætlun fyrir Vesturland, sameiginleg svæðisáætlun um meðhöndlun úrgangs.

Hrefna B. Jónsdóttir framkvæmdastjóri Sorpurðunar Vesturlands og Teitur Gunnarsson verkfræðingur hjá Mannvit, fóru yfir drög að aðgerðaráætlun fyrir Vesturland fyrir sameiginlega svæðisáætlun um meðhöndlun úrgangs. Skipulags- og umhverfisráð þakkar þeim fyrir góða kynningu.

Fundarmenn samþykktu fundargerðina með rafrænum hætti.

Sign (RBS, ÓA, GS, SPH, HS, SþS)

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 11:00.